

ENDURREISN FORELDRASTARFS



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

**Verkefni í samningi Heimilis og skóla
við mennta- og barnamálaráðuneyti
um endurreisn foreldrastarfs í þágu
farsældar barna.**

HEIMILI OG SKÓLI LANDSSAMTÖK FORELDRA

Samtökin Heimili og skóli voru stofnuð 17. september árið 1992.

Félagar í samtökunum eru foreldrar, foreldrafélög og skólar um allt land.

Heimili og skóli veita ráðgjöf og stuðning til foreldra og foreldrafélaga, ásamt því að gefa út fjölbreytt fræðsluefni til að styðja við foreldra.

Samtökin reka fræðsluskrifstofu í Reykjavík, ásamt Foreldrasíma Heimilis og skóla þar sem foreldrar geta hringt og fengið stuðning og ráðgjöf.

Hjá samtökunum starfa sex starfsmenn auk sjálfboðaliða sem skipa stjórn samtakanna.

Heimili og skóli reka SAFT netöryggisverkefnið, vakningarátak um örugga og jákvæða tækja- og miðlanotkun barna og ungmenna á Íslandi. Verkefnið hefur verið rekið frá árinu 2004.



Vefsíðurnar okkar:

www.heimiliogskoli.is

www.farsaelir.is

www.saft.is

VERKEFNI



Heimili og skóli og mennta- og barnamálaráðuneyti hafa gert með sér samning um að stuðla að endurreisn og eflingu foreldrastarfs á öllum skólastigum. Samningurinn styður við innleiðingu [laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021, farsældarlögin](#).

Markmiðið er að virkja foreldra og gefa þeim hlutverk og verkfæri til að geta verið virkir þátttakendur í farsæld barns í samstarfi við skóla, aðra foreldra og sveitarfélögin.

Lögð er áhersla á að stuðla að víðtæku samráði milli foreldra og mæta öllum foreldrum. Sérstök áhersla er lögð á að ná til foreldra með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn.

NÁNARI LÝSING

Verkefnin skiptast í fimm liði.

A) Endurreisn foreldrastarfs í kjölfar heimsfaraldurs og efling svæðasamtaka

Heimili og skóli skipuleggur fundi fyrir foreldra í samráði við hagaðila þar sem fjallað verður um mikilvægi foreldrastarfs og virk samskipti heimila og skóla. Einnig verður fjallað um hlutverk foreldra í tengslum við lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, þ.e. farsældarlögin. Heimili og skóli mun bjóða upp á stað- og fjarfundi, ásamt upptökum af fundum.

Unnið er að verkefninu í samstarfi og samráði við Menntamálastofnun, mennta- og barnamálaráðuneytið, Barna- og fjölskyldustofu, Kennarasamband Íslands, Móðurmál, Grunn – félag fræðslustjóra og stjórnenda skólaskrifstofa, Samband íslenskra sveitarfélaga og Skólameistarafélag Íslands. Auk þess er og verður virk samvinna við Íþróttá- og æskulýðsaðila, Samfés, LUF, fræðsluskrifstofur sveitarfélaga um allt land auk fleiri aðila. Svæðasamtök foreldrafélaga og foreldrafélög leik-, grunn- og framhaldsskóla eru einnig lykilsamstarfsaðilar í þessu verkefni. Til að greina áskoranir á hverjum stað og undirbúa fræðslufundi, mun Heimili og skóli eiga samtal í upphafi við alla fræðslustjóra/skólaskrifstofur eða aðra forsvarsmenn sveitarfélaga, skólastjórnendur og fulltrúa foreldrafélaga.





B) Innleiðing farsældarsáttmála

Heimili og skóli mun leiða innleiðingu farsældarsáttmála í öllum skólum á landinu. Sáttmálinn verður unninn í samvinnu við samstarfsaðila og fulltrúa barna og ungmenna, byggir á farsældarlögnum og ávarpar helstu áskoranir foreldra og barna í nútímasamfélagi.

Sérstök áhersla verður lögð á börn og foreldra með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn og foreldra í viðkvæmri stöðu. Heimili og skóli skipuleggur vinnustofur með foreldrum/skólum og aðstoðar sveitarfélög og skóla við innleiðingu sáttmálans.



C) Þróun og útgáfa fræðsluefnis fyrir foreldra

Heimili og skóli mun efla útgáfumál og dreifingu á fræðsluefni. Áherslur í efnisgerð verða að efla foreldrafélög, foreldraráð, skólaráð og almennt foreldrastarf. Heimili og skóli vinnur fræðsluefni fyrir foreldra og skóla með það að markmiði að foreldrar og aðrir geti sótt með auðveldum og aðgengilegum hætti efni um foreldrastarf. Áhersla verður lögð á stafrænt efni.

Við gerð fræðsluefnis og dreifingu verður lögð sérstök áhersla á að koma til móts við þarfir foreldra með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn.



D) Fræðsla til starfsfólks skóla-, íþróttá- og æskulýðsstarfs um ávinning, ógn og tækifæri í samstarfi við heimili og foreldra

Heimili og skóli mun skipuleggja fræðslu til starfsfólks skóla-, íþróttá- og æskulýðsstarfs í formi námskeiða, fyrirlestra og gerð rafræns fræðsluefnis. Dreginn verður fram ávinningur af virku samstarfi við foreldra samkvæmt rannsóknum, hlutverk skilgreind, viðmið um farsælt samstarf sett fram og bent á leiðir og úrræði. Eftirfylgni og stuðningur að fræðslu lokinni.



E) Aukin símaráðgjöf fyrir foreldra

Heimili og skóli mun auka símaráðgjöf til foreldra. Foreldrasími Heimilis og skóla verður opinn virka daga frá 9:00 - 12:00 og 13:00 - 21:00 og um helgar frá 10:00 - 14:00. Markmið símaþjónustunnar verður kynnt sérstaklega fyrir öllum foreldrum, áhersla verður á að koma til móts við foreldra með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn.



Heimili og skóli – landssamtök foreldra

S: 516-0100

heimiliogskoli@heimiliogskoli.is

www.heimiliogskoli.is

www.farsaelir.is



Skannaðu kóðann og kynntu þér verkefnið nánar.



[/heimiliogskoli](#)



[/heimiliogskoli](#)



[Heimili og skóli](#)



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið